

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 26. maí 2023
Mnr. 2021040038



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Samningur við knattspyrnudeild Vestra

Undanfarin tvö ár hefur Ísafjarðarbær gert samning við knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk, um umsjá með knattspyrnuvöllum og 1. hæð í vallarhúsi í 6 mánuði á ári. Íþróttafélagið hefur nú óskað eftir að slíkur samningur verði gerður á ný fyrir komandi sumar.

Samningurinn sem nú er lagður fram er eins og þeir sem gerðir hafa verið síðastliðin tvö ár nema að fjárframlagið hefur aukist sem nemur 0,25 stöðugildi. Ástæðan fyrir því er að knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, telur að félagið þurfi meira fjármagn til að sinna öllu svæðinu þar sem verkefnið sé of mikið fyrir einn starfsmann. Það má vissulega færa rök fyrir þessu og því er gert ráð fyrir aukningunni. Þegar Ísafjarðarbær sinnti þessu verkefni voru ráðnir 2 sumarstarfsmenn á knattspyrnusvæðið, auk þess var starfsmaður úr íþróttahúsinu notaður í þetta verkefni á meðan forstöðumaður sinnti vallarstjórn.

Kostnaðurinn vegna viðbótar 0,25 stöðugildis er fenginn frá vinnuskóla Ísafjarðarbæjar þar sem ekki náðist að ráð í störf flokkstjóra og nemur hann kr.826.665. Gera þarf 0 viðauka vegna þessa sem fylgir málinu.

Málið var tekið fyrir á 241. fundi íþrótt- og tómstundanefndar þann 17. maí 2023 og þar var lagt til að samningurinn yrði samþykktur af hálfu bæjarstjórnar með lítilsháttar breytingum um þrifaákvæði undir 3. grein. Breytingin fólst í því að eftirfarandi setningu var bætt inn í 1. Mgr. 3. Gr. samningsins: „Frá og með 1. Júní 2023 skal félagið annast regluleg þrif á 1. Hæð í vallarhúsi.“

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur til að samningurinn verði samþykktur.